

Handbók fararstjóra

Þessi handbók er skrifuð í þeim tilgangi að auðvelda skátafélögum að skipuleggja ferð á Landsmót skáta. Hún fer yfir alla helstu verkþætti þegar kemur að hlutverkum fararstjórnar í undirbúningi, framkvæmd og frágangi ferðar skátafélags á landsmót.



Almennt um fararstjórn

Allar sömu meginreglur gilda um fararstjórn í skátaferð hvort sem farið er að vetrarlagi eða að sumri til, hvort sem ferðast innan lands eða farið til útlanda eða farið í skála eða í tjaldútilegu. Það eru alltaf sömu atriðin sem fararstjóri eða farastjórn þarf að huga að. Að sjálfsögðu skiptir þó stærð hópsins sem á að stýra í ferðinni og eðli ferðarinnar miklu um það hversu viðamikilið starf fararstjórnans eða farastjórnar verður. Einnig er blæbrigðamunur á hlutverki fararstjórnar eftir því á hvaða aldri skátarnir í hópnum eru og hvert ferðinni er heitið og á hvaða árstíma hún er farin. Þannig er augljóst að undirbúningur fararstjórnar fyrir Landsmót skáta er meiri en fyrir venjulega sveitarútilegu í skála, en engu að síður þarf farastjórnin að huga að nánast öllum sömu atriðunum í báðum tilvikum. Starfi fararstjórn má skipta í fjóra meginþætti; undirbúningur, ferðalag, dvöl og heimkoma.

Efnisyfirlit

Almennt um fararstjórn.....	0
Efnisyfirlit.....	1
1. Undirbúningur.....	3
1.1 Velja fararstjórn.....	3
1.2 Fjárhagsáætlun.....	3
Fjáraflanir.....	4
1.3 Kynningaráætlun.....	4
Kynningar til forráðafólks.....	4
Kynningar til þátttakenda.....	5
1.4 Fyrirkomulag mótssvæðis.....	5
1.5 Útbúnaður.....	5
Útbúnaður félagsins.....	5
Útbúnaður einstaklinga.....	6
1.6 Matarmál mótsins.....	6
1.7 Ferðalag á mótið.....	7
1.8 Aðkoma sjálfboðaliða.....	7
1.9 Undirbúningsfundir.....	7
1.10 Þekkinga hópinn.....	8
Heilsufar.....	8
Upplýsingar um aðstandendur.....	9
2. Ferðalag.....	9
2.1 Ferðaklæðnaður.....	9
2.2 Matur á leiðinni.....	9
2.3 Tímasetningar og staðsetningar.....	10
2.4 Búnaður.....	10
2.5 Farangur.....	10
3. Dvöl á mótinu.....	11
3.1 Samskiptareglur mótsins.....	11
3.2 Eyðsla.....	11
3.3 Svefn.....	11
3.4 Afþreying.....	11
3.5 Matarmál.....	12
3.6 Uppsetning tjaldbúðar.....	12
3.7 Upplýsingaflæði í tjaldbúð.....	13
3.8 Öryggi og velferð þátttakenda.....	13
3.9 Dagskrá á mótinu.....	13
Opin dagskrá og tjaldbúðavinna.....	14
Torgadagskrá, stórleikur & hátíðardagur.....	15

Kvölddagskrá.....	15
Önnur dagskrá.....	16
3.10 Upplýsingaflæði til aðstandenda.....	16
3.11 Hlutverk fararstjórnar á mótinu.....	17
3.12 Einmannaleiki og heimþrá.....	17
4 Heimkoma.....	17
4.1 Niðurtekt.....	17
4.2 Þökkun.....	18
4.3 Skipta verkum.....	18
4.4 Skýrslugerð.....	18
4.5 Endurmat.....	18
4.6 Koma ferð á framfæri.....	18

1. Undirbúningur

Góður undirbúningur er mikilvægur til þess að ferð félagsins á Landsmót verði ánægjuleg. Hér verður stiklað á stóru yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga þegar undirbúin er ferð með hóp á Landsmót skáta. Önnur tilfallandi verkefni kunna að koma upp við undirbúning ferðarinnar.

1.1 Velja fararstjórn

Áður en ákveðið er að fara með hóp í ferð þarf að vera ljóst hver verður í forsvari fyrir viðkomandi ferð. Stjórn skátafélagsins hefur það verkefni að skipa fararstjórn. Fyrir stærri ferðir, eins og á Landsmót skáta, er nauðsynlegt að skipa fleiri en einn aðila fararstjórn. Hversu margir skipa fararstjórnina fer eftir aðstæðum hverju sinni en mikilvægt er að hver aðili í fararstjórninni sé með skilgreint hlutverk. Hér er dæmi um verkaskiptingu hjá fjölskipaðri fararstjórn:

- A – Skráning, fjármál og fjáraflanir
- B – Undirbúningur og skipulag tjaldbúðar eða gistingar
- C – Mötuneyti og allt sem viðkemur mat
- D – Almennur útbúnaður s.s. tjöld o.s.frv. og umsjón með farangri
- E – Velferð og sjúkdómar

Mikilvægt er að einstaklingar í fararstjórn velti því fyrir sér hvort þau hafi nægan tíma til að sinna verkefninu og hafi það sem þarf til að bera ábyrgð á hóp félagsins á Landsmóti. Aðalfararstjóri skátafélags á Landsmót skal vera hæfur og hafa náð 20 ára aldri. Aðrir einstaklingar í fararstjórn skulu hafa náð 18 ára aldri. Mikilvægt er að huga að fjölbreytni einstaklinga sem valin eru í fararstjórn félags og reyna eftir fremsta megni að láta þau endurspeglar fararhópinn.

1.2 Fjárhagsáætlun

Áður en ákveðið er endanlega að fara með hóp á Landsmót er nauðsynlegt að gera fjárhagsáætlun fyrir sameiginlegum kostnaði félagsins. Þetta þarf að liggja fyrir eins fljótt og auðið er svo þátttakendur geti tekið ákvörðun um hvort þau hafi efni á ferðinni.

Fjárhagsáætlun skátafélags þarf að lágmarki að taka til eftirfarandi þátta:

1. Rútukostnaður til og frá Landsmóti
2. Kostnaður við að koma sameiginlegum búnaði á mótssvæði
3. Kostnaður við eldamennsku á mótinu (t.d. gas)
4. Niðurgreiðslur á þáttökugjöldum fararstjórnar og foringja félagsins.
5. Sameiginleg einkenni félagsins (venjan er að félögin útbúi sér einkenni sem tengist gjarnan þema mótsins)
6. Æfingar útilega (ef félagið ætlar að halda svoleiðis)
7. Óvænt útgjöld

Fjáraflanir

Skipuleggja þarf strax í upphafi fjáraflanir því fjáraflanir geta skipt sköpum um það hvort einhverjir komist í ferðina eða ekki. Gott er að miða við að vera með a.m.k. 2-3 fjáraflanir veturinn fyrir Landsmót og miða við að hafa þær fjölbreyttar. Fjáraflanir eru gott verkefni til að fá foreldra til að aðstoða með og gott er að útbúa sérstakt teymi sem skipuleggur þær og heldur utan um.

Hugmyndir:

- Flösku- og dósasöfnun í samstarfi við Græna skáta
- Gróðursetja tré (selja tré og gróðursetja á ykkar landi eða vera í samstarfi við skógrækt sveitarfélagsins)
- Viðburðir á borð við draugahús, jólabingó og vöfflusala. Selja inn á viðburðinn.
- Klassíska klósettpappírssalan og páskaeggjasala
- Kertasala
- Happdrætti, safna vinningum og selja happdrættismiða



1.3 Kynningaráætlun

Kynningar til forráðafólks

Kynning á ferðinni fyrir forráðafólk væntanlegra þátttakenda er líklega einn mikilvægasti þátturinn í undirbúningi ferðarinnar. Við kynningarnar er mikilvægt að hafa í huga að það er í höndum forráðafólks að ákveða hvort skátinn fari með í ferðina og þurfa þau að treysta fararstjórninni fyrir börnunum sínum. Því er mikilvægt að skapa gott traust á milli þeirra og ykkar og að halda þeim upplýstum í öllu ferlinu. Mikilvægt er að fararstjórnin "selji" forráðafólkinu hugmyndina um umrædda ferð því það eru þau sem hafa úrslitavaldið um það hvort skátinn fari í ferðina eða ekki.

Fararstjórn verður að sjá til þess að allar upplýsingar um ferðina berist forráðafólki skjótt og örugglega allan undirbúningstímann. Það er því ekki nóg að halda einn fund

í upphafi undirbúningstímabilsins. Felst það meðal annars með því að senda þeim upplýsingarbréf frá mótshöldurum eins fljótt og auðið er. Best er að senda upplýsingar til forráðafólks í gegnum tölvupóst eða Sportabler og taka það fram hvert þau geti leitað ef þau hafa frekari spurningar varðandi ferðina. Vert er að taka fram að það getur reynst vel að þýða upplýsingabréf yfir á ensku til þess að auka aðgengileika að ferðinni.

Í aðdraganda mótsins er svo gaman að sýna frá undirbúningsferlinu þannig að aðstandendur fái að kíkja smá inn í heim landsmóts og það gæti vakið hjá þeim áhuga á að kíkja í fjölskyldubúðir á mótinu.

Kynningar til þátttakenda

Kynna þarf væntanlegum þátttakendum ferðina. Með því er átt við að þátttakendum sé kynntir allir þættir ferðarinnar eins vel og hægt er og þeim gefinn kostur beint eða óbeint að taka ákvarðanir í mikilvægum málum. Þátttakendur eiga rétt á að vita allt um ferðina en ekki bara það sem fararstjórnin telur heppilegt að þau viti, því það eru þau sem eru að fara í ferðina en ekki bara fararstjórnin.

1.4 Fyrirkomulag mótssvæðis

Fyrirkomulag tjaldbúðar þarf fararstjórn að kynna sér tímanlega þannig að undirbúningur skátanna fyrir mótið sé markviss og þau séu ekki að útbúa einhverja hluti sem svo er ekki hægt að nota eða þau viti ekki um eitthvað sem er nauðsynlegt fyrir tjaldbúðina. T.d. þarf að vera ljóst hvort gert sé ráð fyrir því að hópurinn eigi eða geti verið með stórt eldhústjald, hvað sé gert ráð fyrir miklu plássi í tjaldbúð fyrir hvern þátttakenda, hvort mótið gerir einhverjar ákveðnar kröfur um lágmarksbúnað í tjaldbúð svo sem eldvarnir, eldunaráhöld, fánastangir o.s.frv., á að hafa girðingu í kringum tjaldbúðina eða ekki, hvert á hliðið að snúa og hvað má það vera stórt, útvegar mótið byggingarefni eða þarf að koma með það, verður allur hópurinn á einum stað eða er honum dreift, o.fl.

1.5 Útbúnaður

Útbúnaður félagsins

Mest af sameiginlegum búnaði félagsins sem verður tekið með á Landsmót er hugsaður fyrir tjaldbúð félagsins á mótinu sjálfu. Áður en ákveðið er hvaða búnað félagið ætlar að taka með sér þarf fararstjórn að vera búin að kynna sér hvaða reglur mótsstjórn hefur sett um tjaldbúðir félaga. Einnig er vert að skoða hvernig mótsstjórn hefur teiknað upp mótssvæðið til að fá betri mynd á það hvað félagið þarf að taka með sér.

Fararstjórn verður að gera nákvæman lista yfir sameiginlegan útbúnað hópsins og útvega hann. Skynsamlegt er að reyna útbúa slíkan lista sem fyrst þannig að nægur tími sé til að útvega búnað á sem ódýrastan hátt. Oft er hægt að fá búnað lánaðan eða fyrirtæki eru tilbúin að styrkja hópinn með kaupum á ákveðnum útbúnaði.

Á Landsmóti sjá skátafélög jafnan um að útvega þátttakendum fyrir tjaldi og matartjaldi. Gott er að tryggja tímanlega að sá búnaður sem félagið á sé í nægilega góðu ástandi og að sá hópur sem fer á mótið kunni að nota búnaðinn sem tekinn verður með á mótið.

Auk tjalda þarf félagið að kynna sér hvaða búnað þau fá frá mótinu sjálfu og með hliðsjón af því skoða hvort þau vilji taka með sér eigin trönur til að nýta í tjaldbúðinni. Þá er gott að vera búin að hanna hlið inn í tjaldbúð félagsins tímanlega. Félag taka gjarnan með sér efnivið til að gera girðingu utan um sína tjaldbúð og ýmislegt dót til að skreyta tjaldbúðina og merkja hana félaginu. Slík tjaldbúðavinna er oft stór þáttur í því að búa til góða stemningu hjá félaginu á mótinu og gefur þátttakendum skemmtileg og krefjandi verkefni að fást við í opinni dagskrá.

Einnig er alltaf sniðugt að félagið hugi að skyndihjálparbúnaði og brunavörnum í sinni tjaldbúð. Slíkt verður að sjálfsögðu í boði frá mótinu sjálfu fyrir stærri atvik. Að lokum er sniðugt að taka með afþreyingu fyrir þátttakendur, s.s. vinabönd, spil, syrpur ef það er til í félaginu og fleira í þeim dúr.

Útbúnaður einstaklinga

Fararstjórn verður ávallt að gera ráð fyrir því að þátttakendur séu að fara í fyrsta skipti í ferð og því þarf að útbúa mjög góðan útbúnaðarlista. Á honum þurfa að koma fram upplýsingar um allan einstaklingsútbúnað hvers þátttakenda auk þess upplýsingar um þann útbúnað sem er sameiginlegur en þátttakendur þurfa að útvega.

1.6 Matarmál mótsins

Huga þarf að matseðli mótsins og fyrirkomulagi matarúthlutunar. Grundvöllurinn fyrir því að dvöl skáta á skátamóti verði ánægjuleg upplifun er að vel sé séð fyrir matarmálum. Því er mjög

mikilvægt að fararstjórn aflu sér góðra upplýsinga varðandi allt sem viðkemur matarmálum á mótinu. Fararstjórn þarf að vera meðvituð um sérþarfir þátttakenda sem borða ekki ákveðnar fæðutegundir t.d. vegna fæðuofnæmis eða trúarástæðna, o.fl. og tryggja að þær upplýsingar komi fram í skráningu á landsmóti eða til mótshaldara ef það gleymdist.



Einnig þarf fararstjórn að afla upplýsinga um það hvernig og hvenær matarúthlutun fer fram. Þurfa þátttakendur að sækja matinn sjálf á einhvern stað og ef svo er er langt að fara? Þurfa þau sjálf að koma með kassa undir matinn til að bera hann í?

Þarf einhverjar ákveðnar hirslur fyrir matinn, t.d. til að halda honum köldum eða heitum? Þarf einhver sérstök eldunaráhöld til að elda matinn o.fl.

1.7 Ferðalag á mótið

Hvernig félagið ætlar að koma þátttakendum og sameiginlegum búnaði á mótið þarf að vera vel undirbúið. Þanta þarf tímanlega ferð eða farartæki en að auki eru meiri líkur á því að fá afslátt ef þantað er tímanlega. Rétt er að hafa í huga að stundum getur verið erfitt að útvega rútur með skömmum fyrirvara á ákveðnum tímum ársins. Jafnan er heppilegast að semja strax um ákveðið verð. Ef mikil vafi er á því hve margir koma í ferðina er skynsamlegast að semja um fast verð fyrir hverja persónu en ef ljóst er með nokkurri vissu hve fjöldi þátttakenda er þá er oftast hægt að fá betra verð með því að semja um eina ákveðna greiðslu fyrir allan hópinn í heild.

Athuga þarf hvort farartæki sem ferðast á með taki ekki örugglega allan farangur sem hafa á meðferðis. Oft er farangur skáta fyrirferðameiri en gengur og gerist, sérstaklega þegar farið er á mót. Því þarf að huga sérstaklega að því hvort farartæki það sem er þantað taki allan þennan farangur. T.d. getur verið vandkvæðum háð að flytja trönur, stórar kistur og fleira sem fylgir skátasveitum. Athuga skal að semja strax við flutningsaðila um flutning á öllum farangri og mannskap. Oft er hentugt að hafa sérstakan flutningabíl eða kerru undir farangur þegar farið er á landsmót. Tryggja þarf að hópurnir geti setið saman eða farið með sama farartæki, þar sem það auðveldar starf fararstjórnar verulega.

1.8 Aðkoma sjálfboðaliða

Gjarnan óska félög eftir því að fá inn auka sjálfboðaliða, sem eru oftast aðstandendur þátttakenda eða gamlir skátar, til að aðstoða með verkefni í tjaldbúðinni á mótinu. Algeng verkefni til að fá aðstoð með er til dæmis uppsetning tjaldbúðarinnar, matseld, kvöldkaffi og kyrrð eða frágang. Ef félagið er með virkt foreldrafélag getur verið sniðugt að virkja það í þessi verkefni. Fararstjórn þarf að setja upp skipulag í kringum þau verkefni sem þið viljið fá aðstoð með og tryggja að það sé skýrt hvers þið eruð að óska eftir frá fólki. Gott getur verið að útnefna einn aðila sem hefur það á sinni könnu að vera tengiliður við foreldra og mikilvægt er að minnast á að aðstoð aðstandenda er til að aðstoða félagið/tjaldbúðina en ekki þeirra eigið barn.

1.9 Undirbúningsfundir

Gott er að halda undirbúningsfundum fyrir landsmót, bæði til að þjappa hópnum saman sem fer á mótið og til að undirbúa bæði ykkur og skátana fyrir mótið. Mörg eru að fara á sitt fyrsta landsmót og því mikilvægt að undirbúa hópinn vel.

Hér er listi yfir hluti sem eru sniðugir og gagnlegir fyrir undirbúning landsmóts:

- Hópefli, sérstaklega ef sveitirnar hafa ekki verið að hittast oft yfir árið og þekkjast ekki mikið.

- Hanna tjaldbúðina með hópnum
 - Ætli þið að vera með hlið? Eða grindverk? Hér getur verið sniðugt að vera búin að hanna tjaldbúðina með tannstönglum eða grillpinnum þannig hún sé tilbúin þegar þið mætið á mótið og vitið strax hvernig þið ætlið að setja tjaldbúðina ykkar upp.
 - Gera skreytingar fyrir tjaldbúðina í þema félagsins
- Fara yfir tjaldamál
 - Hvernig eru tjöldin ykkar? Þarf að laga tjöld, kaupa eða fá lánað?
 - Skipta hópnum niður í tjöld
 - Gefa þátttakendum rými til að æfa sig að tjalda þeim tjöldum sem þau verða í
- Elda á eldunarbúnaði félagsins og æfa sig fyrir mótið
- Dagskrá mótsins
 - Fara yfir opna dagskrá mótsins þannig þau geti farið að hugsa út í hvað þau vilji nota tímann sinn í
 - Undirbúa hópinn fyrir dagskrá mótsins - t.d. flokkur Íslands
 - Skipta þátttakendum í flokka fyrir dagskrá
- Undirbúa einkenni félagsins, til dæmis ef þið ætlið að sauma skikkjur eða mála skildi.

1.10 Þekkingu hópinn

Mikilvægt er að fararstjórn þekki til skátanna sem þau eru að fara með á mótið og að þau þekki til ykkar líka. Mótið mun ganga betur ef skátarnir treysta ykkur og þið þeim. Gott er að eiga spjallið við forráðaaðila, foringja og skátana sjálfa og heyra hvort það sé eitthvað sem er vert að þið hafið í huga og fá að kynnst þeim. Hægt er að nýta undirbúningsfundina til að kynnst hópnum betur.



Heilsufar

Hluti af því að þekkja hópinn er að vita heilsufar þeirra sem eru að fara á mótið. Fararstjórn þarf að safna saman upplýsingum frá öllum þátttakendum í ferðinni um heilsufar þeirra og hvar og hvernig er hægt að ná sambandi við nánustu aðstandendur viðkomandi í neyð. Auðveldast er að útbúa blað sem þátttakendur fylla út. Á slíku eyðublaði þurfa þátttakendur að skrá upplýsingar um það hvort þau séu haldin einhverjum krónískum sjúkdómum, hvort þau taki einhver lyf að jafnaði og þá hvaða lyf og hvenær, og hvað eina annað sem fararstjórn þarf að vita um líkamlegt og andlegt ástand viðkomandi ef slys ber að höndum. Mikilvægt er að þessar upplýsingar séu sem bestar því þær eru einu upplýsingarnar sem eru handhægar í ferðinni ef eitthvað kemur upp á.

Vert er þó að hafa í huga að þetta eru persónuupplýsingar og sem slíkar þarf að fara vel með þær. Þær þarf að varðveita vel, huga þarf að öruggum geymslustað fyrir þær á meðan mótinu stendur og að þeim sé fargað eftir mót. Að auki skal hafa í huga að það eru ekki allir sem koma að hópnum sem þurfa að vita heilsufarsupplýsingar þátttakenda. Gott viðmið er að fararstjórn viti hvar heilsufarsupplýsingar þátttakenda eru en aðrir, s.s. foringjar eða aðrir sjálfbóðaliðar fái bara að vita upplýsingar ef þau sinna hlutverkum sem þeim viðkemur.

Upplýsingar um aðstandendur

Einnig þurfa að vera nákvæmar upplýsingar um a.m.k. tvo fullorðna aðstandendur allra þátttakenda með góðum upplýsingum um það hvernig hægt sé að ná sambandi við þá jafn á nóttu sem degi. Að auki er gott að vera með einn til tvo aðila í viðbót til öryggis. Þetta eru einnig upplýsingar sem þurfa að vera geymdar á handhægum stað og skulu vera geymdar á sama hátt og aðrar persónuupplýsingar.

2. Ferðalag

2.1 Ferðaklæðnaður

Fararstjórn þarf að ákveða hvernig þau vilja að sínir þátttakendur verði klædd á ferðalaginu eða við komuna á mótsstað. Það kann að vera að þið hafið engar sterkar skoðanir á því en þá er gott að nefna það að þátttakendur geti verið í því sem þau vilja. Oft er félagið þó búið að hvetja fólk til að kaupa einhvern einkennisklæðnað, s.s. peysur, bolí eða annan skátabúning, og þá er oft gaman að klæðast því á ferðalaginu. Auk þess er auðvelt að halda utan um sína þátttakendur þannig. Skátaklúturinn verður alltaf með í för á landsmót og því tilvalið að hvetja þátttakendur til að bera hann í rútunni.

2.2 Matur á leiðinni

Misjafnt er hversu langt ferðalag skátafélög þurfa að leggja á sig til að komast á landsmót og því misjafnt hvort þurfi að huga að mat fyrir þátttakendur á leiðinni eða

ekki. Gjarnan er lagt af stað fljótlega eftir matmálstíma (hvort sem er morgun- eða hádegismat) til að minnka þann mat sem þátttakendur þurfa að borða á leiðinni en þó er alltaf gott að vera með eitthvað nesti þó ferðalagið taki ekki nema klukkutíma. Ef ferðalagið er lengra þarf fararstjórn að ákveða hvort þau ætli að gera ráð fyrir keyptum mat á leiðinni eða vera með nesti. Gott er að skoða líka hvenær fyrsti matur á mótinu er og vera með plan hvernig þið ætlið að brúa það bil.

2.3 Tímasetningar og staðsetningar

Til þess að ferðalagið gangi smurt fyrir sig er nauðsynlegt að þátttakendur og forráðafólk þeirra viti hvert þau eigi að mæta og hvenær. Hvort sem það er fyrir sameiginlega brottför eða þau muni hitta ykkur á mótssvæðinu. Ef hópurinn stefnir á að fara saman í rútu er gott að gefa fólki tímann sem rútan mætir á sameiginlega svæðið en ekki hvenær áætluð brottför er.

2.4 Búnaður

Fararstjórn þarf að ákveða hvernig á að ferja sameiginlegum búnaði á mótssvæðið og er gott að gera það með stjórn skátafélagsins. Það getur kostað háar upphæðir að ferja búnaðinn ef það þarf að leigja undir það flutning svo það er gott að velta þessu fyrir sér tímanlega. Jafnvel er hægt að koma einhverjum sameiginlegum búnaði í rútu sem félagið er að leigja en ef félagið ætlar að taka stóra hluti með sér á mótið er ólíklegt að rútan dugi til.

Gott er að útnefna aðila sem hefur umsjón með sameiginlegum búnaði félagsins, veit nákvæmlega hvað er tekið með og hvar hlutir eru staðsettir. Einnig þarf að huga að því hvernig tekið verður á móti sameiginlegum búnaði og er gott að umsjónarmanneskjan sé með það á hreinu.

2.5 Farangur

Fararstjórn verður að skoða hvernig frágangur farangurs á að vera, bæði fyrir félagið og einnig fyrir þátttakendur. Hvernig töskur telur félagið vera hentugast fyrir þátttakendur og hvernig viljið þið að þær séu merktar. Gott er að benda forráðafólki á að það geti verið sniðugt að merkja töskur barna féluginu ásamt nafninu þeirra til að þær komist auðveldlega til skila ef þær tynast á mótinu eða lenda í óskilamunum.



Varðandi farangur félagsins þarf að finna þann gullna meðalveg að taka nægan búnað en ekki allt of mikinn á svona mót. Það er þó vert að hafa í huga hvort það sé þörf á að taka rafmagnsmillistykki, varahluti fyrir eitthvað af búnaðinum eða eitthvað annað sem ykkur dettur í hug.

3. Dvöl á mótinu

3.1 Samskiptareglur mótsins

Eins og í öllu skátastarfi byggja samskiptareglur Landsmóts skáta á [grunngrundum](#), [lögum](#), [stefnum og reglugerðum](#) BÍS ásamt [siðareglum ÆV](#). Það er í höndum fararstjórnar að halda utan um sinn hóp og sjá til þess að þau fylgi fyrirmælum. Á þetta bæði við um þátttakendur og foringja félagsins. Það er því nauðsynlegt að fararstjórn þekki þessi skjöl vel. Tekið verður á brotum á samskiptareglum mótsins eða öðrum óvæntum upptakomum eftir viðbragðsáætlun.

3.2 Eyðsla

Á landsmóti skáta verður verslun þar sem þátttakendum mótsins stendur til boða að versla sér minjagripa frá mótinu sem og varning frá Skátabúðinni og sjoppa. Fararstjórn gæti þurft að skýra það fyrir foreldrum að peningar eða annar varningur sem skátarnir taka með sér á landsmót sé á þeirra ábyrgð en ekki fararstjórnar/félagsins. Vert er að nefna að fararstjórn gæti þurft að aðstoða yngri þátttakendur og reyna að hindra ofeyðslu þátttakenda. Góð leið er að senda á forráðaaðila það sem verður til sölu og hvetja þau til að ákveða fyrir fram með skátunum hvað á að kaupa á mótinu sjálfu.

3.3 Svefn

Mikilvægt er að þátttakendur mótsins hvílist vel á næturnar til að þau geti tekið virkan þátt í dagskrá mótsins. Hlutverk fararstjórnar er að ganga úr skugga um það að þátttakendur síns félags séu komnir í kyrrð á tilskildum tíma. Er það ekki aðeins til að tryggja að eigin þátttakendur hafi næga orku til að takast á við verkefni næsta dags heldur einnig til að ganga úr skugga um að vera ekki að ónáða svefn annara félaga.

Gjarnan fá eldri þátttakendur (rekkar og eldri) að vaka lengur en það þarf að tryggja að þau séu meðvituð um að trufla ekki kyrrð þegar þau eru á vappi um mótssvæðið eftir kyrrð.

Gott er að benda þátttakendum á að það er bjart úti allan sólarhringinn og því gott að vera með svefngrímu til að grípa í ef birtan er að trufla svefninn.

3.4 Afþreying

Dagskrá mótsins veitir mikla afþreyingu fyrir þátttakendur en gjarnan þurfa þau þó frið frá því áreiti sem skapast í samvistum við stóran hóp af fólki. Það er sniðugt að fararstjórn taki með einhverja afþreyingu fyrir sína þátttakendur sem þau geta nýtt

sér á meðan þau njóta friðarins í tjaldbúðinni. Getur þetta verið vinabönd, spil, lestrarefni eða jafnvel verkefni til þess að bæta ásýnd tjaldbúðarinnar.

3.5 Matarmál

Fararstjórn þarf að kynna sér matarmál mótsins vel þar sem það er einn af mikilvægari þáttunum til að tryggja að þátttakendur njóti sín á mótinu. Það þarf að kynna sér matseðil mótsins og athuga hvort félagið hafi tekið með sér allan nauðsynlegan búnað til að elda eftir honum. Þá þarf fararstjórn einnig að kynna sér hvernig matarúthlutun er háttað, hvar hún er, hvenær hún fer fram og hvernig hægt sé að flytja matinn í tjaldbúðina. Einnig þarf að huga að hreinlæti í matseldinni.



Fararstjórn þarf einnig að vera meðvitaðir um mataræði sinna þátttakenda og reyna eftir fremsta megni að fylgjast með því að þátttakendur séu að borða nægjanlega mikið og drekka nóg. Oft er sniðugt að vera með ávexti og annan mat sem flest borða aðgengilegan í tjaldbúð fyrir þátttakendur. Einnig er viðbúið að einhverjir þátttakendur séu matvandir og þá er oft heillvænlegt að koma til móts við sérþarfir einstaklinga þótt þær byggji ekki á ofnæmi eða sérstöku mataræði. Munum að landsmót skáta er ekki nema vika og mikilvægara að börnin séu södd en að þau borði öll nákvæmlega sama mat.

3.6 Uppsetning tjaldbúðar

Fyrirkomulag tjaldbúðar þarf fararstjórn að kynna sér tímanlega þannig að undirbúningur skátanna fyrir mótið sé markviss og þau séu ekki að útbúa einhverja hluti sem ekki verða notaðir á mótinu eða að þau missi af því að undirbúa eitthvað sem er nauðsynlegt fyrir tjaldbúðina. T.d. að vita hvað sé gert ráð fyrir miklu plássi í tjaldbúð fyrir hvern þátttakenda, hvort mótið gerir einhverjar ákveðnar kröfum um lágmarksbúnað í tjaldbúð svo sem eldvarnir, eldunarhöld, fánastangir, o.s.frv., á að hafa girðingu í kringum tjaldbúðina eða ekki, hvert á hliðið að snúa og hvað má það vera stórt, útvegur mótið byggingarefni eða þarf að koma með það, verður allur hópurinn á einum stað eða er honum dreift, o.fl.

Áður en þið mætið á mótið er gott að vera búíð að ákveða:

- Tjaldaskipan
- Hvernig þið ætlið að setja upp eldunaraðstöðuna ykkar
- Hvernig þið ætlið að setja upp hreinlætisaðstöðuna ykkar
- Hvernig verður hlutverkaskiptingin innan tjaldbúðar
 - Setja upp skipulag fyrir flokkana hvenær þau sjá um matinn
 - Setja upp skipulag fyrir mönnun sjálfbóðaliða í eldhúsi og tjaldbúð.

Þegar þið mætið á mótið er mikilvægt að kynna þátttakendum fyrir sínu nánasta umhverfi. Fara með þeim yfir mótssvæðið og tjaldbúðina ykkar og fara yfir mikilvægar staðsetningar eins og hvar næsta klósett er, hvar matvörubúðin er, hvar sjúkragæslan er og að þau viti alltaf hvar þau geti nálgast foringja eða fararstjóra.

3.7 Upplýsingaflæði í tjaldbúð

Á Landsmóti er mikið af upplýsingum sem þið fáið í fararstjórn og þið þurfið að huga að því hvernig þið sjáið fyrir ykkur að koma þeim áleiðis til þátttakenda. Þetta getur verið allt frá því að vera upplýsingar um dagskrá, breytingar á tímasetningum eða tilkynningar sem þurfa að komast til skila. Algengt er að félög taki frá svæðið fyrir einskonar tilkynningatöflu fyrir félagið sitt ásamt því að halda stutta upplýsingafundi í matmálstímum eða á kvöldin. Að auki er oft gott að foringjar ákveðinna sveita taki stöðuna á sinni sveit u.þ.b. daglega til að tryggja að öll séu að eiga ánægjulegar stundir á Landsmóti. Það er hægt að nýta svoleiðis fundi til að koma skilaboðum áleiðis til þátttakenda en gefur þeim einnig tækifæri á því að koma upplýsingum áleiðis til sinna foringja eða ykkar í fararstjórn ef það er eitthvað sem liggur þeim á hjarta.

3.8 Öryggi og velferð þátttakenda

Það er í höndum fararstjóra að fylgjast með öryggi og velferð sinna þátttakenda og þeirra hlutverk að stíga inn í aðstæður ef þau telja að það eigi ekki við. Mikilvægt er að fylgjast með því að öll þrifi sig sæmilega og hirði um sinn búnað. Einnig er mjög mikilvægt að fararstjórn tryggja að tjaldbúð sé eins snyrtileg sem kostur er og sjá til þess að þátttakendur hafi tök á að þrifa sig og notfæri sér það. Regluleg tjaldbúðar- eða skálaskoðun stuðlaðar að snyrtilegri umgengni þátttakenda.

3.9 Dagskrá á mótinu

Fjölbreytt dagskrá verður á mótinu frá morgni til kvölds og því mikilvægt að fararstjórar kynni sér dagskrána, staðsetningar og tímasetningar vel, því misjafnt getur verið hvort félagið haldist saman í dagskrá eða er jafnvel í mismunandi dagskrá eftir aldursbili. Eftirfarandi hluti þarf fararstjórnin að hafa í huga varðandi dagskrána á mótinu:

- **Hvert** eru mínir skátar að fara, **hvað** eru þau að fara að gera og **hvenær** er mæting.

- Eru flokkarnir mínir að fara í sama dagskrártorg eða í sitthvora dagskrána.
- Þarf foringi að fylgja einhverjum skátaflokkum í dagskrána.
- Þurfa skátarnir að skrá sig fyrir fram í einhverja dagskráliði, ef svo er þá hvar fer sú skráning fram og hvenær er skráningin.
- Krefst dagskráin að skátarnir mæta ákveðið undirbúin, þurfa þau nesti eða einhvern einstaka búnað.

Mótinu er skipt í þrjú megin dagskrárbil: Opin dagskrá, Torgadagskrá og Kvölddagskrá.

Opin dagskrá og tjaldbúðavinna

Í opinni dagskrá eru fjölbreyttir dagskráliðar í boði sem eru annað hvort frá 10-11:30 eða frá 17-18:30. Í opinni dagskrá er meðal annars í boði hefðbundnir dagskráliðir Úlfjótsvatns eins og klifurturninn, bogfimi, bátar og útiöldun. Það verður hægt að heimsækja Skátasafnið og Radíóskáta og einnig verða ýmsar keppnir eins og fótboltamót, blakmót, mugga quidditch, frisbígmót, bátakeppni og flugdrekakeppni.

Mikilvægt er að kynna sér staðsetningarnar og tímasetningarnar á opnu dagskránni því möguleiki er að einhverjir dagskráliðir séu eingöngu opnir á öðru hvoru dagskrátímabili. Einnig þarf að kynna sér hvort dagskráin sem skátarnir hafa áhuga á krefst skráningar og hvar og hvenær skráningin fer fram. *Upplýsingar um staðfestar staðsetningar, tímasetningar og hvaða dagskráliðir krefjast skráningar kemur þegar nær dregur.*



Tækifæri gefst til að nýta tímann í opnu dagskránni til að vinna í tjaldbúðinni. Hægt er að byggja hlið að tjaldbúðinni, skreyta tjaldbúðina með félagseinkennum og byggja allskonar trönubyggingar til að lífga upp á tjaldbúðarlífið.

Torgadagskrá, stórleikur & hátíðardagur

Á mótinu eru fjögur dagskrártorg sem skátarnir skiptast á að heimsækja yfir mótið, torgadagskráin er opin frá 13-16:30. Mikilvægt er að fararstjórar viti hvert skátarnir eiga að fara og hvort þau þurfa að taka einhvern búnað með sér.

- **Sköpunartorg:** Í sköpunartorginu ræður nýsköpun, flæði, ímyndunaraflið og sköpunin ríkjum. Í þessu torgi gefst skátunum tækifæri á að skapa nýjungar, endurnýta og vinna með einkenni heimanna, eld, vatn, berg, plöntur og loft.
- **Þrauta- & metatorg:** Hér fá skátarnir tækifæri til að hreyfa sig, bleyta sig, sleppa sér lausum, losna við alls kyns orku og endurhlaða sig. Hér verða allskyns þrautir í boði, bæði líkamlegar og andlegar. Hér gætu þátttakendur þurft að taka með sér handklæði og auka föt.
- **Samfélagstorg:** Mikilvægur liður af öllu skátastarfi er að skilja eftir heiminn og umhverfið okkar betra en það var þegar við komum að því. Landsmót er engin undantekning og í gegnum samfélagstorgið fá skátarnir að kynnst mikilvægi allskyns samfélagsverkefna í tengslum við einkenni heimanna. Hér gætu þátttakendur þurft að taka með sér vatnsbrúsa.
- **Göngutorg:** Skátar eru könnuðir og í göngutorginu þá fá skátarnir tækifæri að skoða nágrenni Úlfjótsvatn með ýmsum fjölbreyttum slóðum í kringum mótsvæðið. Hér gætu þátttakendur þurft að koma vel klædd eftir veðri, í góðum skóm, með vatnsbrúsa, skyndihjálpartösku (litla fyrir stuttar göngur), auka nesti ef valið er langa og krefjandi leið og aðra hluti sem gott er að hafa með í göngu.
- **Stórleikur:** Í miðju mótsins er dagskráin brotin upp og þurfa þátttakendur að taka þátt í stórleik til þess að saga mótsins gangi upp. Í gegnum mótið verður ákveðin saga sögð um þema mótsins, hvernig heimarnir þurfi að vinna saman til að lifa í farsæld, en í kringum miðju mótsins reynir á skátana sem þurfa að vinna saman og sigra stórleikinn svo þau geta haldið áfram að njóta landsmóts.
- **Hátíðardagur:** Síðasti almenni dagskrá dagurinn er svokallaður hátíðardagur. Á þessum degi fara skátarnir ekki í skipulagða dagskrá heldur gefst þeim tækifæri á að fara um tjaldsvæðið og heimsækja tjaldbúðir hinna skátafélagana og annarra landa. Á þessum degi gefst skátafélögum og löndum að kynna sitt félag, hverfi og land fyrir hvert öðru. Hefðin er að bjóða upp á einhverja dagskrá, mat eða kynningu á heimahögum ykkar skátafélags.

Kvölddagskrá

Kvölddagskráin er yfirleitt á milli 20-22:30 en gæti verið mismunandi eftir kvöldi.

- **Setning, hátíðarkvöldvaka/slit:** Yfirleitt eru þátttakendur hátíðlega klædd, í skátabúning / í félagspeysum / varðeldaskikkjum, með skátaklúta (skátaklútar eiga að vera á í allri dagskrá), með félagsfána eða önnur einkenni, með mótsbókina, sessur og vatnsbrúsa ef þarf. Þessi dagskrá fer yfirleitt fram við sviðið þar sem félögin undirbúa sig á sínu tjaldsvæði og svo eru þau sótt og

farið í skruðgöngu í gegnum mótsvæðið yfir að hátíðarsvæðinu þar sem reynt er að aðstoða félögin í að koma sér fyrir á kvöldvöku svæðinu. Á þessum tímapunkti eru fjölmargir skátar að koma sér fyrir og oft eru tafir og mikill biðtími milli atriða. Skátarnir þurfa að sitja lengi innan um fjölda fólks sem getur reynst erfitt. Því skiptir miklu máli að reyna að dreifa huga skátanna og hvetja þau til að sýna tillitssemi og þolinmæði. Hér er saga mótsins kynnt og framfylgt.

- **Skemmtikvöld:** Á fyrsta kvöldinu er einblínt á að kynnast svæðinu, þátttakendur taka þátt í leik þar sem þau þurfa að fara um allt mótsvæðið til þess að klára leikinn.
- **Þorpakvöld:** Þorpin koma sér saman og skipuleggja kvöldið saman t.d. með minni kvöldvöku þar sem félögin og löndin skiptast á sínum uppáhalds kvöldvöku söngvum, skemmtiatriðum eða leikum.
- **Flokkur mótsins:** Flokkakeppni þar sem skáta flokkarnir keppast í ýmsum fjölbreyttum og krefjandi þrautum um hvaða flokkur sé flokkur mótsins.
- **Næturlaikur:** Á næst síðasta kvöldinu er næturlaikur, ógnvægileg öfl ógna tilveru Landsmóts og þurfa skátarnir að koma saman og leysa ýmiss verkefni til að ná að sigra ógnina.

Önnur dagskrá

Sú dagskrá sem fellur utan þennan dagskráramma sem hefur verið kynnt að ofan er önnur dagskrá. Í henni eru dagskráliðir eins og sundferðir, ísbjörn (að dýfa sér í Úlfjótuvatn bæði kvölds og morgna), kaffitjald, skátabúðin, alþjóðatjald, hengirúm, jafnvægislína, þrautabrautin, Skátaland, pop-up dagskráliðir og sjálfsprottgir dagskráliðir.

Róver- og eldri skátatjald verður á sínum stað með fjölbreyttri dagskrá á kvöldin þar sem róverskátar, eldri skátar, skátafóringjar, fararstjórar og sjálfboðaliðar geta komið saman og skemmt sér. Skátafélögin hafa sum fengið aðstoð frá forráðafólki til að manna tjaldbúðirnar á kvöldin svo fararstjórnin og skátafóringjar geta tekið sér pásur og mætt í róver-og eldri skátatjald. Eða hægt er að skipta með sér vaktir fyrir viðveru í tjaldbúðinni svo hægt sé að passa að það sé alltaf einhver til staðar fyrir skátana í tjaldbúðinni.



3.10 Upplýsingaflæði til aðstandenda

Á meðan félagið dvelur á landsmóti er gott að fararstjórn sé meðvituð um að miðla frá mótinu til aðstandenda. Hægt er að nýta samfélagsmiðla félagsins til þess en svo er einnig gott að nýta samskiptamöguleikana á Sportabler til að senda aðstandendum upplýsingar um hópinn. Eins og alltaf þarf þó að huga að persónuvernd einstaklinga en skilaboð sem eru send á allan hóp aðstandanda eiga aldrei að vera upplýsingar um einstaka þátttakendur. Gaman er að láta vita þegar hópurinn er búinn að koma sér vel fyrir í tjaldbúðinni fyrsta daginn, sýna frá stemningunni í eldhústjaldi félagsins, skemmtilegum uppákomum eða sýna frá kvöldvökum mótsins.

3.11 Hlutverk fararstjórnar á mótinu

Fararstjórn verður að mæta á alla fundi mótstjórnar eða senda fulltrúa sinn. Síðan á að halda fundi með flokksforingjum og/eða öllum hópnum svo að allar upplýsingar komist vel og skilmerkilega til skila. Fararstjórn þarf að kynna sér allar skriflegar upplýsingar frá mótstjórn og aðilum tengdum mótinu og koma aðalatriðum á framfæri við þátttakendur.

Vert er að taka fram að þótt hlutverk fararstjórnar sé mikilvægt og því fylgi ábyrgð að þá á landsmót skáta einnig að vera skemmtilegur viðburður fyrir fararstjórnina. Það þarf því að vera ákveðið hvernig á að skipta með sér verkum og hvernig tryggt er að fararstjórnar þreytist ekki um of á mótinu. Einn liður í því er að tryggja að aðbúnaður fararstjórnar sé nægilega góður, þau hafi afdrep til að slaka á og ná að hvílast almennilega. Rétt eins og með þátttakendur þarf líka að tryggja að fararstjórn nái að sofa nóg og muni að borða nóg. Er það grundvöllur fyrir því að þau geti sinnt sínu hlutverki og geta þau því aldrei orðið of upptekin til að sinna því að hvíla sig almennilega og nærast.

3.12 Einmannaleiki og heimþrá

Það er viðbúið að yfir vikudvöl á Landsmóti fái einhverjir af þátttakendum ykkar félags heimþrá eða finni fyrir einmannaleika þó þau séu umkringd fólki. Erfitt er að skrifa algild ráð til að taka á þessum tilfellum þar sem það er einstaklingsbundið hvað hentar hverjum og einum. Góð regla er þó að gefa einstaklingum aðgang að rólegu svæði þar sem þau hafa tækifæri á því að tala við einhvern sem þau treysta ef þau vilja. Það hentar sumum að tala um þá hluti sem þau sakna en sumum hentar það betur að dreifa huganum og hugsa um alla þá skemmtilegu hluti sem þau eiga eftir að upplifa á mótinu. Mikilvægt er að viðurkenna þessa tilfinningu hjá skátunum og eiga samtál við þau um hvað hefur virkað best hjá þeim í fortíðinni. Mögulega er gott að ráðfæra sig við foreldra skátans um hvað sé best að gera ef skátinn fær heimþrá. Stundum nægir að skátinn hringir á kvöldin til að bjóða foreldrum sínum góða nótt.

4 Heimkoma

4.1 Niðurtekt

Mikilvægt er að gefa sér rúman tíma til að ganga frá og byrja frekar fyrr en seinna að taka saman hluti og undirbúa brottför. Oft er freistandi að hrúga búnaði saman eða troða tjöldunum í plastpoka til að reyna að spara sér tíma við frágang en í raun kemur það í bakið á okkur þegar komið er heim í skátaheimilið. Mjög erfitt er að koma heim eftir langt skátamót og eiga síðan eftir að ganga frá og jafnvel þrifa sameiginlega búnaðinn og pakka saman tjöldunum.

Langbest er að búa sig undir fráganginn tímanlega, ræða saman og búa til áætlun um hvaða hlutir eiga að fara saman, hverjir sjá um hvað og hvað eigi að gerast þegar komið er í skátaheimilið.

4.2 Pökkun

Best er að vinna sér í haginn og pakka búnaðinum hreinum og vel niður. Stundum er það mjög erfitt sérstaklega þar sem enginn uppbvottavél er aðgengileg og treyst er á að krakkarnir þrifi eldhúsahöldin sjálf. Mestu máli skiptir er að reyna sitt besta og að minnsta kosti pakka búnaðinum niður svo auðvelt er að ganga frá honum á réttan stað eða auðvelt sé að taka hann upp, þrifa, þurrka og ganga frá á réttan stað.

4.3 Skipta verkum

Gott er að huga að því að skipta verkum á milli aðila, líka í heimkomunni. Algengt er að fá aðstoð sjálfboðaliða við að taka niður tjaldbúðina, líkt og við uppsetningu. Einnig er sniðugt að fá aðstoð annara sjálfboðaliða sem voru ekki með hópnum á mótinu að aðstoða við þurrkun og frágang á sameiginlegum búnaði félagsins. Er það oft gott því það fólk hefur varið síðustu vikunni í að sjá um hópinn á landsmóti.

4.4 Skýrslugerð

Best er að skella sér strax í skýrslu- og fjárhagsuppgjör og klára hvoru tveggja eins fljótt og verða má. Góð skýrsla er seinna meir góð heimild um ferðina og getur komið að miklu gagni fyrir aðra hópa síðar.

4.5 Endurmat

Mikilvægt er að fararstjórn gefi sér tíma fljótlega eftir heimkomu til að fara yfir ferðina og meta hvernig tókst til. Þar er mikilvægt að komi fram hvað gekk vel á mótinu og hvað betur mátti fara. Gott ráð er að bjóða þeim foringjum sem fóru með félaginu á mótið að taka þátt í endurmatinu þar sem þeirra upplifun gæti verið önnur en fararstjórnarinnar. Endurmatið getur nýst næstu fararstjórn á önnur mót og því er gott að tryggja að endurmatið sé vistað á stað þar sem aðrir hafa aðgang að því.

4.6 Koma ferð á framfæri

Það er tilvalið tækifæri á að nýta ferðina ykkar á landsmót til að kynna ykkar starf í nærsamfélaginu ykkar. Til dæmis er skemmtilegt að skrifa grein í hverfisblaðið ykkar þar sem þið segið frá ferðinni með myndum. Auk þess er skemmtilegt fyrir forráðafólk og aðstandendur skátanna ykkar að heyra meira frá mótinu. Svo er um að gera að nýta tækifærið á að uppfæra myndir og efni inn á heimasíðunni ykkar og samfélagsmiðlum og nýta tækifærið á að auglýsa vetrarskátastarfið ykkar í leiðinni.



Hlökkum til að sjá ykkur á Landsmóti skáta 2024 og vonandi nýtist þessi handbók ykkur í undirbúningi fram að móti.

Með skátakveðju,

Mótsstjórn Landsmót skáta 2024